

Efni: Beiðni um afstöðu forsætisnefndar til mögulegs brots á siðareglum bæjarfulltrúa

Með erindi þessu er þess óskað að forsætisnefnd bæjarstjórnar Kópavogs taki afstöðu til þess hvort bæjarstjóri Ásdís Kristjánsdóttir hafi brotið gegn siðareglum kjörinna fulltrúa í Kópavogi, nánar tiltekið 7. grein þeirra, sem hljóðar svo:

*„Við kynnum okkur málin, komum undirbúin til starfa, segjum **satt og rétt frá**.“*

Til efni erindisins eru ummæli bæjarstjóra sem birtust í [viðtali við mbl.is þann 28.mars sl.](#), þar sem hún fullyrðir að „*minnihlutinn hafi lagt til að ökutækjastyrkur bæjarstjóra yrði afnuminn*.“

Sú fullyrðing stenst ekki samanburð við fyrirbyggjandi gögn. Í umræddri [tillögu minnihlutans](#) er orðalagið skýrt:

„Endurskoða upphæð akstursgreiðslna bæjarstjóra.“

Í ljósi þessa er þess óskað að forsætisnefnd taki afstöðu til þess hvort þessi framsetning bæjarstjóra sé í samræmi við siðareglur, sérstaklega að því er varðar að kynna sér mál og segja satt og rétt frá. Er það mat undirritaðrar að ummælin gefi ranga mynd af tillögu minnihlutans og geti þannig haft áhrif á trúverðugleika og traust í störfum bæjarfulltrúa.

Virðingarfyllst,
Sigurbjörg Erla Egilsdóttir